

1978 nr. 42 18. maí**Iðnaðarlög**

Tóku gildi 6. júní 1978. *Breytt með* l. 21/1988 (tóku gildi 31. maí 1988), l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema l. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 23/1991 (tóku gildi 17. apríl 1991), l. 70/1993 (tóku gildi 1. jan. 1994; *EES-samningurinn*: VII. viðauki tilskipun 64/222/EBE, 64/224/EBE, 64/223/EBE, 68/363/EBE, 68/364/EBE, 70/522/EBE, 70/523/EBE og 86/653/EBE), l. 40/1997 (tóku gildi 29. maí 1997; *EES-samningurinn*: VII. viðauki tilskipun 64/427/EBE, 64/429/EBE, 68/365/EBE, 68/366/EBE og 82/489/EBE), l. 133/1999 (tóku gildi 11. jan. 2000), l. 7/2002 (tóku gildi 20. febr. 2002), l. 76/2002 (tóku gildi 17. maí 2002), l. 108/2006 (tóku gildi 1. nóv. 2006 skv. augl. C 1/2006), l. 24/2007 (tóku gildi 29. mars 2007) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Lög þessi taka til rekstrar hvers konar iðnaðar í atvinnuskyni. Til iðnaðar telst bæði handiðnaður og verksmiðjuíðnaður, hvaða efni eða orka, vélar eða önnur tæki sem notuð eru og hvaða vörur eða efni sem framleidd eru. Heimilisiðnaður skal undanskilinn ákvæðum laganna.

■ **2. gr.** Enginn má reka iðnað í atvinnuskyni á Íslandi eða í íslenskri landhelgi, nema hann hafi til þess fengið leyfi lögum þessum samkvæmt.

□ [Þrátt fyrir ákvæði laga þessara hafa ríkisborgarar eða lögáðilar aðildarríkja að samningnum um Evrópska efnahags-svæðið rétt til að starfa í iðnaði á grundvelli skuldbindinga Íslands um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki [svo og ríkisborgarar eða lögáðilar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyningar eða lögáðilar í Færeyjum].¹⁾ Ráðherra getur kveðið nánar á um þennan rétt í reglugerð.

□ [Sýslumenn]²⁾ skulu staðfesta réttmæti gagna um starf og starfsþjálfun eftir að viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, hefur verið gefinn kostur á að segja álit sitt. Lögreglustjórar hafa eftirlit með framkvæmd þessara ákvæða. Ágreining um rétt má bera undir ráðherra og enn fremur leita úrskurðar dómstóla.³⁾

¹⁾ L. 108/2006, 28. gr. ²⁾ L. 24/2007, 1. gr. ³⁾ L. 40/1997, 1. gr.

■ **3. gr.** Hver maður getur fengið leyfi til að reka iðnað, handiðnað og verksmiðjuíðnað, ef hann fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. [Er íslenskur ríkisborgari. Erlendur ríkisborgari, sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár, skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Frá gildistöku laga um Evrópska efnahagssvæðið skulu ríkisborgarar annarra aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins vera undanþegnir skilyrðum um íslenskt ríkisfang og búsetu hér á landi samkvæmt nánari ákvæðum sem ráðherra setur með reglugerð.¹⁾ [Ríkisborgarar aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyningar njóta sams konar réttar og greint er frá í 3. málsl.]²⁾

2. Er lögráða.

3. Hefur forræði á búi sínu.

4. Hefur ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað, slíkan sem um ræðir í 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Hefur viðskiptaþekkingu, svo sem bókhaldskunnáttu, sem krafist er við burtfararpróf úr iðnskóla.

6. Fullnægir að öðru leyti skilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum.

□ [[Ráðherra]⁴⁾ getur veitt undanþágur frá ríkisfangsskilyrði 1. tölul. og ákvæðum 4. og 5. tölul.]⁵⁾

¹⁾ Rg. 620/1995. ²⁾ L. 108/2006, 29. gr. ³⁾ L. 70/1993, 2. gr. ⁴⁾ L. 126/2011, 81. gr. ⁵⁾ L. 23/1991, 15. gr.

■ **4. gr.** [Nú vill félag eða annar lögáðili reka iðnað og getur þá slíkur lögáðili fengið til þess leyfi, enda uppfylli framkvæmdastjórar og stjórnarmenn lögáðila og, sé um að ræða félag þar sem allir eða sumir félagsmanna bera fulla ábyrgð á skuldbindingum félagsins, þeir félagsmanna, sem fulla ábyrgð bera á skuldbindingum félagsins, skilyrði 2.–6. tölul. 3. gr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögáðila, sem erlendur aðili á hlut í, skal enn fremur fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.]¹⁾

¹⁾ L. 23/1991, 15. gr.

■ **5. gr.** Leyfi glatast, ef leyfishafi missir einhverra þeirra skilyrða, sem í 3. og 4. gr. segir, eða þeirra skilyrða, sem annars eru sett eða kunna að verða sett til að halda réttinum. Nú missir stjórnandi eða framkvæmdastjóri félags slíkra skilyrða, eða félag eða stofnun missir íslenskt heimilisfang, og skal þá aðili hafa komið málinu í löglegt horf innan 3ja mánaða frá því að breyting varð, en hafi ella fyrirtæki leyfi sínu. Ráðherra getur þó lengt frestinn um 3 mánuði, ef sérstaklega stendur á.

■ **6. gr.** Leyfi er bundið við nafn. Rétt er maka að halda áfram iðnaði látins maka síns án nýs leyfis, enda fullnægri makinn lögmæltum skilyrðum.

□ Bú aðila, er leyfi hafði, má reka iðnaðinn, að því leyti sem sá rekstur er þáttur í skiptameðferð þess. Erfingi 16 ára eða eldri má reka iðnað arfleiddanda án nýs leyfis, þar til hann er fjárráða, ef hann að öðru leyti fullnægir skilyrðum 3. gr.

■ **7. gr.** Greina skal í iðnaðarleyfi, hvers konar verksmiðjuíðnað heimilt sé að reka samkvæmt því og hvar hann megi reka. Ekki veitir leyfi heimild til að reka verksmiðjuíðnað annarrar tegundar en nefnd er í leyfi.

□ Veita má sama aðila leyfi til að reka verksmiðjuíðnað í fleiri en einni grein og leyfi til að reka verksmiðjuíðnað á fleiri stöðum en einum.

■ **8. gr.** [Iðngreinar, sem reknar eru sem handiðnaður og löggiltar hafa verið í reglugerð¹⁾ [ráðherra],²⁾ skulu ávallt reknar undir forstöðu meistara. Um löggildingu skal hafa samráð við [þann ráðherra er fer með fræðslumál]²⁾ og landsamtök meistara og sveina.]³⁾

□ Meistari skal bera ábyrgð á að öll vinna sé rétt og vel af hendi leyst.

□ Rétt til iðnaðarstarfa í slíkum iðngreinum hafa meistara, sveinar og nemendur í iðngreininni. Heimilt er sérfélögum, sveina- og meistarafélagi í sömu iðnaði að gera sín á milli samning um það, að ráða megi ólært verkafólk til iðnaðarstarfa undir stjórn lærðs iðnaðarmanns um ákveðinn stuttan tíma í senn, þegar sérstaklega stendur á og brýn þörf er á auknum vinnukrafti í iðninni. Einnig getur hver og einn unnið iðnaðarstörf fyrir sjálfan sig og heimili sitt, enn fremur fyrir opinbera stofnun eða fyrirtæki, sem hann vinnur hjá, ef um minni háttar viðhald á eignum þessara aðila er að ræða.

□ Í sveitum, kaптúnnum og þorpum með færri en 100 íbúa mega óiðnlærðir menn vinna að iðnaðarstörfum.

¹⁾ Rg. 940/1999, sbr. 1256/2012. ²⁾ L. 126/2011, 81. gr. ³⁾ L. 133/1999, 1. gr.

■ **9. gr.** Rétt til að kenna sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein hafa þeir einir, er hafa sveinsbréf eða meistarabréf í iðngreininni.

■ **10. gr.** [Hver maður getur leyst til sín meistarabréf ef hann fullnægir skilyrðum 3. gr., hefur lokið sveinsprófi, unnið síðan undir stjórn meistara í iðngrein sinni eitt ár minnst og jafnframt lokið meistaraprófi í iðninni frá meistaraskóla. Eigi sveinn ekki vól á starfi undir stjórn meistara í nýrri iðngrein

sinni fyrstu fimm árin eftir löggildingu hennar telst tveggja ára starf hans í þeirri grein jafngilt starfi hjá meistara en [sýslumaður]¹⁾ skal gefa viðkomandi félagi iðnaðarmanna, m.a. landssamtökum meistara og sveina, kost á að segja álit sitt á því hvort völ sé á slíku starfi. Sama gildir í iðngreinum þar sem ekki er starfandi meistari eða þar sem sveinn á af öðrum ástæðum sannanlega engan kost á starfi undir stjórn meistara.²⁾

□ Meistarabréf veitir meistara leyfi til að reka þá iðngrein, er meistarabréf hans tekur til.

¹⁾ L. 24/2007, 1. gr. ²⁾ L. 133/1999, 2. gr.

■ **11. gr.** Sá hefur fyrirgert meistarabréfi sínu, sem missir einhvers þeirra skilyrða, er fullnægja þarf til þess að öðlast það.

■ **12. gr.** [[Sýslumaður],¹⁾ þar sem aðili á lögheimili, lætur af hendi meistarabréf og iðnaðarleyfi.]²⁾

□ Nú synjar [sýslumaður]¹⁾ um meistarabréf eða iðnaðarleyfi, eða ágreiningur verður um það, hvort aðili hafi misst rétt sinn, og er aðila þá rétt að bera málið undir [ráðherra].³⁾ Enn fremur getur hann leitað úrskurðar dómstóla.

□ [[[Ráðherra]³⁾ gefur út sveinsbréf. Hann getur falið öðrum að gefa bréfin út að fullnægðum skilyrðum laga.]²⁾

□ Greiða skal gjald samkvæmt lögum um aukatekjur ríkissjóðs fyrir iðnaðarleyfi, meistarabréf og sveinsbréf.]⁴⁾

¹⁾ L. 24/2007, 1. gr. ²⁾ L. 7/2002, 1. gr. ³⁾ L. 126/2011, 81. gr. ⁴⁾ L. 133/1999, 3. gr.

■ **13. gr.** Halda skal skrá yfir iðnaðarleyfi og meistarabréf, sem veitt eru lögum þessum samkvæmt.

□ Leyfishafar skulu jafnan tilkynna [sýslumanni]¹⁾ heimilisfang atvinnustöðvar sinnar og útibú og allar breytingar, er þar á verða. [Sýslumaður]¹⁾ framsendir síðan þær tilkynningar til skrár þeirrar, sem haldin er.

□ Ráðherra setur nánari fyriræli um þessi efni.

¹⁾ L. 24/2007, 1. gr.

■ **14. gr.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 7/2002, 2. gr.

■ **15. gr.** Það varðar sektum:

1. Ef maður rekur iðnað, án þess að hafa leyst leyfi, eða leyfir öðrum að reka iðnað í skjóli leyfis síns.

2. Ef maður tekur að sér störf meistara, án þess að hafa leyst meistarabréf.

3. Ef maður rekur löggilta iðngrein, án þess að hafa meistara til forstöðu.

4. Ef maður kennir sig í starfsheiti sínu við löggilta iðngrein, án þess að hafa rétt til þess samkvæmt 9. gr.

5. Ef maður eða fyrirtæki tekur nemendur til verklegs náms, enda þótt hann eða það eigi ekki rétt til þess, eða tekur nemendur til náms í annarri iðn en þeirri, sem hann er meistari í, eða heldur nemendur án löglegs samnings.

[6. Ef ríkisborgari eða lögaðili aðildarríkis að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu ellegar Færeyningur eða lögaðili í Færeyjum starfar hér án þess að staðfesting skv. 3. mgr. 2. gr. liggi fyrir.]¹⁾

□ Sektir renna í ríkissjóð.

□ . . . ²⁾

¹⁾ L. 108/2006, 30. gr. ²⁾ L. 19/1991, 194. gr.

■ **16. gr.** Heimilt er að dæma mann, er sekur gerist um ítrek að brot gegn lögum þessum, [til missis iðnaðarleyfis, meistarabréfs og sveinsbréfs],¹⁾ tímabundið eða jafnvel ævilangt, ef um mjög gróft brot er að ræða.

¹⁾ L. 133/1999, 4. gr.

■ **17. gr.** Óskert skulu atvinnuréttindi þeirra manna, er hlotið hafa þau samkvæmt ákvæðum eldri laga.